



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

GRT1FF05

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Miðvikudagar kl. 09:20-10:00	
Námsefni	Grunnteikning I verkefnamappa, fæst í Eymundsson Krossmóa og Iðnú bókabúð. Grunnteikning I (Útgefandi Iðnú, Reykjavík.)	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í tvo megin efnispætti auk æfinga í teikniskrift. Í fyrri efnispættinum er fjallað um fallmyndun I og ásmyndun- og fríhendisteikningu í þeim seinni. Í áfanganum öðlast nemendur færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhalds, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestur teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og þrívíðra rissteikninga. Áfanginn er jafnframt undirbúningur fyrir frekara nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu í grunnteiknimöppu, tímaverkefnum, könnunum og kaflaprófum. Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og að ná að lágmarki 5,0 úr kaflaprófum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er (vanskil hefur áhrif á einkunnargjöf). Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Heiti	Vægi
	Verkefnamappa	70%
	Kaflapróf og kannanir	30%
Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsímunum í kennslustund! Teikniáfangar eru verklegir vinnuáfangar sem þýðir að nemandi ber að nýta tímann vel til verkefnavinnu. Í upphafi hvers kafla skal nemandi lesa kynningu í kennslubók!.	

Efni og áhöld sem nemandi a að vera með	T-stika ca. 45 sm. löng, eða (teiknibretti fyrir A3 blöð) Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór ca. 25 - 30 sm.) (Reglustika ca. 25 - 30 sm.) Tveir blýantar H og HB Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (Rúðustrikuð blöð /rissblöð)	
--	--	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - lesa einfaldar tæknilegar vinnuteikningar og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga. - nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.
	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum. - hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.	

	Vinnuáætlun	
Tímasókn	16 vikur x 4 klst	64 klst
Undirbúningur og frágangur	16 vikur x 1,5 klst	24 klst
Undirbúningur fyrir kannanir	5x2 klst	10 klst
Alls		98 klst = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Kynning á áfanga Fallmyndun 1	1.-9.
2. vika 25. – 29. ágúst	Fallmyndun 1	10.-19.
3. vika 1. – 5. september	Fallmyndun 1	20.-28. Könnun
4. vika 8. – 12. september	Fallmyndun 1	31.-41.
5. vika 15. - 19. september	Fallmyndun 1	43.-50. Teikniskrift verkefni 1-5 lokaskil. Könnun
6. vika 22. - 26. september	Fallmyndun 1	51.-56.
7. vika 29. sept. - 3. október	Fallmyndun 1	59.-63.
8. vika 6. - 10. október	Fallmyndun 1	65.-69.
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	Fallmyndun 1	71.-77.
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Fallmyndun	79.-84.
11. vika 27- 31. október	Fallmyndun	Lokaskil fallmyndahluta. Könnun
12. vika 3. - 7. nóvember	Ásmyndun og fríhendisteikning	1.-6.
13. vika 10. - 14. nóvember	Ásmyndun og fríhendisteikning	8.-13.
14. vika 17. - 21. nóvember	Ásmyndun og fríhendisteikning	16.-22.
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	Ásmyndun og fríhendisteikning	Könnun
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Ásmyndun og fríhendisteikning	Lokaverkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sólveig Sveinbjörnsdóttir